

Amy Coney Barrett og sýndardómstólar

Herkænskufraeðingarnir í þriðju bylgju kvenfrelsunar lögðu ofuráherslu á lagabreytingar, sem ívilnuðu konum á kostnað karla. Þeir efndu til krossferða á aðskiljanlegustu sviðum mannlífsins; í réttarkerfi, heilbrigðiskerfi, menntakerfi og á vettvangi félags- og umhverfismála. Samnefnarinn – enda þótt þá greindi á um nokkur málefni – var karlillskan. Hið loðna mannfræðilega hugtak, „feðraveldi,“ var tekið hernámi. Samsvarandi hugtaki um móðurveldi gáfu þeir hins vegar langt nef. Hið nýja hugtak kvað á um tegundarillsku karlmannsins.

Kvenvonska karla útskýrði nú felst það, sem aflaga fór í mannlífinu yfirleitt og kvenlífinu sérstaklega. Áróðursmeistarar þeirra gengu í skóla Hitlers og Goebbels. Aðferð nasistanna fólst einkum í sífelldri endurtekningu boðskaparins, m.a. firrunnar um hreinleika norræna ættstofnsins, sérstakan rétt Þjóðverja til hefnda og aukins landrýmis, ásamt sekt Gyðinga. Valdayfirtakan öfgamannanna var lýðræðisleg fyrir atbeina kvenkjósenda ekki síður en karlkjósenda. Firrur þjóðernisjafnaðarmanna eða nasistanna voru leiddar í lög á lýðræðislegan hátt, dómstólum beitt til þöggunar og níðingsverka, „vísindum“ og alþjóðatengslum til dýrkunnar, áróðurs og ofbeldis. Reyndar voru smíðuð ný vísindi til að gera áróðurinn trúverðugan. Þjóðernisjafnaðarmenn náðu undirtökum í fjölmiðlunum og beittu ríkisfjármálunum málstaði sínum til framdráttar.

Kvenfrelsararnir arka í aðalatriðum sömu leið. En til viðbótar beita þeir tveim hárbeyttum vopnum, sem síður nýttust Hitler og Goebbels; eðlilægri fórnfýsi karla í þágu kvenna og skúrskynjuninni.

Allir geta væntanlega séð fyrir hugskotssjónum þann veruleika, að körlum sé fremur kennt um „klækina,“ heldur en konum – jafnvel þótt um samvinnu séð að ræða eða sams konar háttarni sé metið. Þetta hefur nú verið skoðað og staðfest í vísindalegum tilraunum í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Skýringin kynni að vera, að hér sé um að ræða enn eitt dæmi um erfðatengdan mun kynjanna.

Með „móðurmjólkinni“ og úr andrúmsloftinu teygjar karlpeningurinn í sig slæma samvisku í garð mæðra/kvenna. Það hefur reynst kvenfrelsurunum notadrjúgt í stríðinu gegn körlum og birtist líklega skýrast í þulunni um kynferðislegt ofbeldi. Löggjöf á Vesturlöndum er um þessar mundir undirorpin stöðugum breytingum í þá veru að skilgreina háttarni karla sem glæpsamlegt. Samfara þessu er þrýstingur aukinn á dómstóla um að endurspegla í starfi sínu það ákvæði laga og alþjóðasamninga að líta beri á konur sem fórnarlömb. Einnig hefur verið lögð áhersla á að „dæma“ karla án eiginlegra réttarhalda.

Víkur þá sögunni loks til BNA og óbeint til þeirra forsetakosninga, sem nú fara í hönd. Joe Biden er einn hugmyndafræðinganna að baki lagagreinar, svonefndrar níundu greinar (Title IX) um fjármögnun háskóla og fleira, þess efnis, að mismunur á grundvelli kynferðis sé í hvívetna bönnuð í háskólum, styrktum af alríkisstjórninni. Á þessum grundvelli hefur verið stofnað til embætta jafnréttiserindreka, sem fjalla um kærur um þess háttar misrétti. Sakborningar eru dregnir fyrir sýndardómstóla. Þeir eru stundum nefndir kengúrúðómstólar.

Samtímis hefur áróðurinn um „nauðgunarmenninguna“ verið skerptur. Sú menning felur í sér í grófum dráttum, að skólapiltum sé samt að nauðga skólasystur sínum og yfirleitt að beita þær allra handa kynferðislegu ofbeldi. Þetta hefur – eins og af líkum mátti ráða – leitt til hörmunga fyrir skólapilta. Þessi lög eins og fleiri af sama toga hafa verið samþykkt með jafnrétti að yfirvarpi. Fleiri eru í bígerð víða á vesturlöndum – þar með talin lagasmiðja VG.

Amy Coney Barret, tilnefnd af Donald Trump til embættis hæstaréttardómara, er einn þeirra dómara, sem gengið hefur í berhögg við laga- og réttarfarstúlkun á ofanefndum grunni. Um það fjallar greinin; um Jón og Gunnu, sem felldu hugi saman í háskóla og stunduðu kynlíf. Jón skýrði svo frá, að elska hans hefði gert tilraun til sjálfmorðs. Hún brást illa við, þegar Jón leitaði aðstoðar. Svo, þegar vakningarmánuður um kynferðislegt ofbeldi rann upp í háskólanum, ásakaði Gunna hann um kynferðislegt ofbeldi. Eins og í fjölda annarra og áþekkra tilvika, var ákæra Gunnu metin gild sönnun á „afbroti“ Jóns. Hann var rekinn úr skóla og frami hans eyðilagður. Málatilbúnaður var kærður. Amy kom þar til skjalanna. Um málatilbúnaðinn fórust henni svo orð, að „hann væri svo eymdarlegur, að ekki dygði til dagsbrottvísunar nemenda í framhaldsskóla.“

En það er við ramman reip að draga, hvað útnefningu varðar. Áróðurvél kvenfrelsaranna hefur verið ræst. Joe Biden hefur heitið því að draga til baka smávægilegar breytingar á þessu hliðarréttarkerfi, sem núverandi menntamálaráðherra, Elisabeth Dee (Betsy) DeVos, stóð fyrir.

<https://reason.com/2020/09/27/amy-coney-barrett-condemns-purdue-university-fundamentally-unfair-adjudication-of-sexual-assault-claims/>